

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 1985-2005, milli Hólsár og skólasvæðis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 1985-2005, frá 2. desember 1985.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Framtíðar íbúðarsvæði er fellt niður ásamt vegtengingu inn á svæðið.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu er minnkað og breytist að hluta til í svæði fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota.
- Opið óbyggt svæði sunnan, norðan og vestan svæðis fyrir verslun og þjónustu breytist í svæði fyrir frístundabyggð.
- Opið svæði til sérstakra nota og óbyggt svæði við tjaldsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.